Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins

Setningarræða Landsráðsfundar 7. júní 2008 á Laugarvatni
(Talað orð gildir)

Ágætu félagar.

Ég býð ykkur velkomin á Laugarvatn. Einn af þeim stöðum sem oft eru nefndir þegar fagrir staðir, ríkir af náttúrugæðum koma í hugann. Hér er jarðhitinn sem við Íslendingar höfum nýtt okkur til hagsbóta í meira mæli en margar aðrar þjóðir. Þar búum við að dýrmætri þekkingu og auðsuppsprettu.

Vonandi hefur okkur tekist nú með nýrri löggjöf að tryggja þjóðinni réttinn á þeirri sameiginlegu auðlind sem felst í jarðhita og vatnsföllum. Grundvöllur í orkunýtingarstefnu ríkisins og þjóðarinnar á að vera að allar auðlindir verði nýttar í almannaþágu fyrir fólkið í landinu.

Raunveruleg samkeppni er ekki til staðar á raforkumarkaði og verður enn síður virk með vatnslögnum hitaveitna og vatnsveitna. Orkufyrirtækin verða að vera í opinberri eigu og mega ekki komast í eigu erlendra stórfjárfesta. Íslendingar verða að sameinast um það að verja eignar- og afnotarétt sinn á auðlindum til sjávar og sveita.

Krafa framtíðarinnar er og verður, að matvælaframleiðsla af landbúnaðarlandi og öflun sjávarfangs verði tryggð svo fæða megi vaxandi fólksfjölda veraldar. Engri þjóð mun líðast í heimi hungursneyðar að vannýta sína möguleika á komandi áratugum. Sú krafa mun líka ná til hvala og selastofna, þeirrar orkuríku fæðu. Ríkir pels- og leðurklæddir íbúar efnameiri ríkja vilja henda kjöti en njóta skinnsins.

Það verður aldrei sátt um hungursneyð og dauða milljóna manna árlega. Stríðin og fjáraustur í vígtólin verður að víkja. Íraksstríðið er glæpsamleg mistök. Landið er ein rjúkandi rúst og fólk flýr ef þess er nokkur kostur. Bandaríkin eiga mesta sök á þeirri morðför sem nú hefur staðið í 5 ár. Það var hörmulegt að við Íslendingar skyldum fyrir tilverknað tveggja forystumanna okkar tengjast þeim átökum - þeim harmleik.

Við erum nú í kröppum sjó með okkar hag Íslendingar. Því miður eru miklar líkur á því að hér verði verðbólga áfram í tveggja stafa tölu á næstu misserum. Líkur er á því að atvinnuleysi vaxi hratt. Það fer því miður vaxandi. Aðeins aukinn sjávarafli og áframhald í atvinnuuppbyggingu orku og iðnaðar gæti snúið þeirri þróun við.

Eins og nú horfir og ekkert gerist í áður nefndum greinum sem jákvætt er, verður hérlendis hörð lending með miklu atvinnuleysi. Það slys má ekki verða. Okkur ber að grípa til allra ráða. Hvetja til fjárfestingar og stöðva þá hörðu lendingu sem nú stefnir í.

Verðbólga og afleiðing hennar, verðtrygging krónunnar á lánsfé bitnar harkalega á mjög mörgum skuldsettum fjölskyldum og gæti kallað fram fjöldagjaldþrot. Hætt er við að það þýði flótta fólks úr landi, og að þeir sem erlendis dvelja við nám og störf fresti heimkomu til Íslands.

Þeir erlendu innflytjendur sem hér hafa sest að myndu samt margir velja að vera um kyrrt á atvinnuleysisbótum sem eru oft á tíðum mun hærri en laun verkamanna í þeirra heimalöndum. Þessi þróun sem ég vara sérstaklega við gæti mjög líklega orðið við harða lendingu efnahags- og fjármála ef atvinnuleysi fær að vaxa við núverandi aðstæður.

Mikil skuldaaukning í kjölfar lánasprengingar og verðbólgu er fylgifiskur innrásar nýju einkavæddu bankanna inn á húsnæðismarkaðina. Nú hrynur fasteignaverð með tilheyrandi afleiðingum þegar veðin standa ekki undir ofurvöxtum og verðtryggingum krónunnar.

Stærsta ágreiningsmálið er síðan afstaða ríkistjórnarflokkanna til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Það mál hefur knúið á með ört vaxandi þrýstingi nú í vetur, m.a. vegna þeirrar fjármálakreppu sem dunið hefur á þjóðinni.

Kreppu sem ríkisstjórnin með fjármálaráðherra í fararbroddi skellti algerum skollaeyrum við þegar fjárlög voru afgreidd hér í þinginu á haustdögum. Ég minnist þess hvernig fjármálaráðherra talaði um að hér væri allt í himnalagi þegar við í Frjálslynda flokknum töldum blikur á lofti í efnahagslífinu. Enginn innan stjórnarflokkanna tók undir aðvaranir í umræðum um fjárlög 2008 né gerði neitt með spurningar stjórnarandstöðu um á hvaða vegferð ríkisstjórnin væri í fjármálum og efnahag.

Við í Frjálslynda flokknum höfum aldrei alfarið hafnað Evrópusambandsaðild. Við höfum hins vegar bent á að eins og málum er nú komið, þá getum við ekki farið þá leið að leita eftir aðild nema að undangengnum breytingum á okkar eigin lagaumhverfi. Þær breytingar lúta að því að eignarhald og nýtingarréttur íslenskra auðlinda verði á forræði íslensku þjóðarinnar eins og verið hefur.Í

málefnbókhandbók Frjálslynda flokksins er tekið fram að hafa beri allan vara á um aðild að ESB. Aðild komi ekki til greina á meðan reglur þess séu óbreyttar í fiskveiðimálum.

Í vikunni kom enn ein svartnættisspáin frá Hafró um að lítið væri af þorski á Íslandsmiðum. Þessi framsetning eftir mikla þorskgengd á alla veiðislóð á síðastliðinni vertíð er í engu samræmi við það sem þeir, sem fiskveiðarnar stunda, segja af sinni reynslu á þessu ári.

Margir skipsstjórar við botnfiskveiðar hafa lýst því frá mismunandi veiðislóð allt í kringum land, að mikið af þorski væri á miðum þeirra. Margir skipsstjórar hafa einnig verið á flótta undan þorski vegna lítils kvóta.

Leyfður þorskafl stjórnvalda er nú 130 þúsund tonn. Þetta er minni afli en verið hefur síðstliðin 98 ár, ef undan eru skilin fyrri heimsstyrjaldarárin. Þetta er nú sá „árangur“ sem kvótakerfi með frjálsu framsali og leigukvótaokri, hefur fært okkur Íslendingum eftir að við náðum þeim áfanga að sitja einir að veiðunum og reyna að stjórna sjálfir með kvótakerfi í aldarfjórðung.

Nú þarf að segja stopp. Setjum á jafnstöðuafla, 220 þúsund tonna þorskveiði árlega næstu þrjú árin. Metum síðan árangurinn. Ég spái því að hann verði betri en það sem við höfum gert frá 1984 með kvótabraskkerfinu.

Eftirfarandi verði nú gert næstu þrjú fiskveiðiár.

- Öll leiga og sala kvóta milli útgerða verði stöðvuð frá og með næstu áramótum. Sett verði lög um það að aðeins ríki og sveitarfélög megi leigja kvóta til útgerðar. Útgerð megi færa óveiddan kvóta milli fiskveiðiára eftir nánari reglum.

- Næstu þrjú fiskveiðiár verði þorskaflinn föst stærð, eða 220 þúsund tonn hvert ár. Undirmáls þorskur verði að tveimur þriðju utan kvóta til þess að stöðva brottkast smáþorsks úr afla og fá á land rétta árgangastærð og samsetningu ungfisks.

- Á hverju þessara þriggja ára verði 150 þúsund tonn í aflahlutdeildarkerfinu hvert ár. 25 þúsund tonn verði í byggðapotti næstu tvö ár og síðan 10 þúsund tonn, þriðja árið.

- Línuívilnun verði fimm þúsund tonn öll þrjú árin. 40 þúsund tonn af þorski verði boðin upp af ríkissjóði og sveitarfélögum þannig:

- 5000 tonn á togara litla og stóra.
- 5000 tonn á snurvoða og netabáta.
- 5000 tonn á línubáta. Til helminga á véla- og landbeitta línu.
- 5000 tonn á handfærabáta undir 30 brúttó tonn að stærð.
- 20.000 tonn til byggðarlaga. Boðið fram sem leigukvóti með forgang til þeirra sem mest hafa leigt hlutfallslega annarsvegar og þeirra sem hæst verð greiddu. Þessar tekjur renni til viðkomandi sveitarsjóða. Eftir tvö ár stækkar þessi pottur um 15 þúsund tonn, í 35 þúsund tonn.

- Loðnuveiðar verði ekki leyfðar næstu tvö ár, nema því aðeins að veiðistofn loðnu mælist yfir 800 þúund tonn.

- Að tveimur árum liðnum fari fram endurskoðun á þessari framkvæmd og mótuð frekari stefna út úr núverandi kvótakerfi. Einkum verði unnið skipulega að því að fækka kvótabundnum botnfisktegundum, sem oftast eru meðalafli við flestar botnfiskveiðar.

Árangursleysi núverandi kvótakerfis í tæplegan fjórðung úr öld er algert. Markmiðin um trausta atvinnu og byggð í landinu samfara uppbyggingu fiskistofna hafa alls ekki náðst.

Nú er nóg komið af pólitískri fiskifræði og stjórnarstefnunni um samþjöppun veiðiheimilda á fáar hendur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið ráðið í 17 ár samfelt. Því verður að linna.

Þjóðin á auðlindina en hvorki Hafró né heillum horfinn Sjálfstæðisflokkur við völd í skjóli Samfylkingar.

Barentshafið gefur nú þorskveiði upp á 500 þúsund tonn árlega. Hafrófiskifræðin taldi þar vera verstu veiðistjórnun í Norður Atlantshafi. Eru það trúarbrögð okkar fiskifræðinga ennþá að svo sé? Getum við lært af þeirri merkilegu „ofveiðireynslu“? Eða fellur sú reynsla og þekking ekki að Hafrófiskifræðinni? Erum við, það er íslenskir fiskifræðingar, einir með réttu leiðina? Má aldrei tala við aðra sem eitthvað vita?

Ágætu félagar framundan er dagsverkið að vinna að málefnagrunni og stefnumótun fyrir Frjálslynda flokkinn sem að lokum verður lagður fyrir okkar landsfund á næsta ári. Vinnum vel og virðum skoðanir hvers og eins. Það er margt sem breytist í tímans rás.Verum glöð í sinni, þá ganga verkin ávallt betur.

Fundur í Landsráðinu er settur.